

Ársfundur SSKS 2003

Ályktun um aukinn stuðning við nýjar hitaveitur

7. ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum skorar á iðnaðar- og viðskiptaráðherra að auka stuðning við virkjun jarðhita til húshitunar með því að lengja viðmiðunartímabil stuðnings við nýjar hitaveitur. Í stað þess að styrkurinn nemi áætluðum fimm ára niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar á orkuveitusvæði hitaveitunnar, nemi hann áætluðum tíu ára niðurgreiðslum.

Fundurinn telur jafnframt koma til greina að skipta stuðningnum niður milli ára ef slíkt þætti henta við afgreiðslu málsins.

Greinargerð:

Áskorun þessi vísar til 6.gr. reglna, sem ríkistjórnin samþykkti á fundi sínum 2. nóvember 1999, um úthlutun styrkja til lagningar nýrra hitaveitna á svæðum sem njóta niðurgreiðslu á rafmagni til húshitunar.

Með því að veita umræddan stuðning til nýrra hitaveitna hefur köldum svæðum á landinu fækkað og hinar dreifðu byggðir sem hafa fengið heitt vatn orðið byggilegri og verðgildi eigna hefur hækkað. Með því að hækka þennan styrk í jafngildi tíu ára niðurgreiðslna á rafmagni til húshitunar aukast möguleikar á hagkvæmri nýtingu jarðhita til húshitunar og hugsanlega opnast möguleikar til að gera stóráttak í því að leggja hitaveitur um hinar dreifðu byggðir landsins. Minnt er á að ríkissjóður fær styrkinn endurgreiddan á næstu tíu árum eftir að hann er greiddur út þar sem ekki þarf lengur að kosta niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunnar. Sú raforka sem sparast með þessu móti nýtist þar að auki til annarra nota.

Ályktunin var samþykkt á
7. ársfundi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum
sem haldinn var í Reykjavík 6. nóvember 2003

Ályktun um jarðhitaleitarátak

7. ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum skorar á iðnaðar- og viðskiptaráðherra að beita sér fyrir að svokölluðu jarðhitaleitarátaki verði breytt í varanlegt verkefni sem hafi það markmið að skilgreina sem best hvar á landinu megi finna nýtanlegan jarðvarma.

Fundurinn leggur áherslu á að forsendur verkefnisins verði að hluta til teknar til endurskoðunar þar sem m.a. verði tekið mið af eftirfarandi:

- að áhersla verði lögð á að kanna einstök svæði markvissar en verið hefur
- að rannsóknum á hverju svæði sem ljóst er að hitaveitur geti orðið hagkvæmar verði lokið sem mest í einni lotu. Í því skyni verði gerðar jarðhitaleitaráætlanir til allt að 5 ára í senn.
- að verkefnið verði tvískipt í annarsvegar frumrannsóknir með gerð grunnra könnunarborhola og hinsvegar vinnsla á dýpri rannsóknarborholum.

Fundurinn telur heppilegt að fela útibúi Orkustofnunar á Akureyri að hafa umsjóslu með verkefninu og leggur áherslu á að tengsl verkefnisins við Orkusjóð verði eflað.

Fundurinn telur að reynsla sem fengist hefur af því átaksverkefni sem staðið hefur síðan 1998 hafi leitt í ljós að mikil nauðsyn er á áframhaldandi frumrannsóknum við leit og kortlagningu jarðvarma. Fundurinn minnir á að jarðhiti er ein af meginauðlindum landsins og minnir á nauðsyn þess að vitneskja um þá auðlind sé sem best.

Ályktunin var samþykkt á
7. ársfundi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum
sem haldinn var í Reykjavík 6. nóvember 2003

Ályktun um kostnað við hitun þjónustu- og atvinnuhúsnæðis

7. ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum skorar á félagsmálaráðherra að beita sér fyrir því að við útreikning útgjaldajöfnunar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sé tekið tillit til óhagræðis sem sveitarfélög á köldum svæðum hafa af því að hita skólahúsnæði og aðrar opinberar byggingar í samanburði við þau sveitarfélög sem hafa aðgang að hitaveitum. Fundurinn telur eðlilegt að litið sé til þessa útgjaldaliðar þegar kostnaður sveitarfélaga við lögbundin verkefni er jafnaður.

Fundurinn felur jafnframt stjórn samtakanna að láta kanna hver kostnaður yrði við niðurgreiðslu hitunar á þjónustu- og atvinnuhúsnæði bæði í eigu einkaaðila og sveitarfélaga á köldum svæðum. Miðað verði við hliðstæða lækun á hitunarkostnaðar vegna íbúðarhúsnæðis.

Ályktunin var samþykkt á
7. ársfundi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum
sem haldinn var í Reykjavík 6. nóvember 2003

Ályktun um stöðu nýstofnaðra hitaveitna gagnvart skráningarskilyrðum virðisaukaskattslaga

7. ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum skorar á fjármálaráðherra að reglum um skráningu virðisaukaskattskyldra aðili verði breytt svo nýstofnaðar hitaveitur geti fengið virðisaukaskattsskráningu þótt jafnvægi á innskatti og útskatti virðisaukaskatts veitunnar náist ekki innan 10 ára tímabils.

Greinargerð:

Vísað er til ákvarðandi bréfs ríkisskattstjóra, dags. 14. maí 2003, um túlkun á 5. mgr. 5. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Í 5. mgr. 5. gr. er kveðið á um að eigi skuli skrá aðila á virðisaukaskattskrá samkvæmt greininni ef samanlagðar tekjur hans af sölu skattskyldrar vöru og þjónustu eru að jafnaði lægri en kostnaður við aðföng sem keypt eru með virðisaukaskatti til starfseminnar, þar með talið vegna kaupa varanlegra rekstrarfjármuna. Ríkisskattstjóri kemst að þeirri niðurstöðu, með vísan til ákvæða um leiðréttingarskyldu í IV. kafla reglugerðar, nr. 192/1993, um innskatt, að 5. mgr. 5. gr. girði fyrir skráningu á grunnskrá virðisaukaskatts ef áætla má að virðisauki yrði neikvæður á 5 ára tímabili vegna lausafjármuna og 10 ára tímabili vegna framkvæmda við fasteignir.

Sú skýring á reglum settum á grunni laga um virðisaukaskatt sem fram kemur í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra takmarkar verulega möguleika aðila sem eru að stofna til rekstrar með miklum stofnkostnaði sem rekstrartekjur eru lengi að borga upp. Hafa þarf í huga að ef aðili sem væri þegar í rekstri ætlaði að stofna til slíks rekstrar uppfyllti hann mun frekar umrætt skráningarskilyrði.

Í samræmi við niðurstöðu ákvarðandi bréfs ríkisskattstjóra er ljóst að nýstofnaðar hitaveitur eiga sjaldan rétt á skráningu á virðisaukaskattsskrá. Grunnástæða þess er að stofnun hitaveitu fylgir verulegur stofnkostnaður sem rekstrartekjur eru lengi að borga upp. Stofnkostnaðurinn er m.a. vegna framkvæmda við fasteignir sem hafa langan líftíma og eru öruggar og því er mögulegt að láta rekstrartekjur greiða upp stofnkostnað ásamt rekstrarkostnaði á löngum tíma án þess að kvikað sé frá því að reksturinn sé í hagnaðarskyni. Kostir hitaveitu miðað við aðra orkugjafa eru miklir og því er ljóst að tekjur og önnur rekstrarleg staða nýrra hitaveitna eru tryggar. Þjóðhagslegt gildi hitaveita er óumdeilt og styður íslenska ríkið við bakið á rannsóknum á jarðhita og nýjum hitaveitum með ákveðnum hætti. Það er hins vegar óheppilegt ef ekki verður af stofnun nýrra hitaveitna vegna þess ósamræmis að stuðningur sem þær eiga rétt á nýtist ekki eða þá illa vegna rekstrarlegra hindrana í löggjöf um virðisaukaskatt.

Í þessu sambandi er bent á að ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt gera ráð fyrir því að rekstrarlegt tillit sé tekið til meðallíftíma eigna með reglum um

fyrningu og niðurfærslu eigna. Skráningarreglur virðisaukaskattslaga taka að meginstofni til, ekkert tillit til eðli þeirrar starfsemi sem sótt er um virðisaukaskattsskráningu fyrir, sbr. þó nytjaskógrækt. Í þessu tillitleysi laga um virðisaukaskatt felast verulegar takmarkanir á möguleikum að hefja hitaveitustarfsemi án þess þó að hagsmunir ríkisins um örugga greiðslu skatta yrðu fyrir borð bornir.

Til að mæta þeim kröfum sem hér koma fram væri hægt að breyta reglugerð nr. 515/1996 um skráningu virðisaukaskattskyldra aðila. Eðlilegt er að reglugerðinni verði breytt vegna hins sérstaka eðlis hitaveiturekstrar og nefna má að reglugerðinni var breytt sérstaklega vegna séreðlis nytjaskógræktar, en hún er því sama marki brennd að langt er þar til að rekstrartekjur greiða upp stofnkostnað. Hér eru nokkrar leiðir nefndar í dæmaskyni en þær geta einnig nýst sem umræðugrundvöllur vegna málsins:

- Að tekið skuli fram að jöfnuður milli innskattsréttar og útskattsréttar hitaveitu þurfi að vera fyrirsjáanlegur innan tímamarka sem ráðast meðallíftíma eigna veitunnar í samræmi við fyrningarreglur.
- Að tekið skuli fram að jöfnuður milli innskattsréttar og útskattsréttar hitaveitu þurfi að vera fyrirsjáanlegur innan ákveðins árabils, t.d. 25 ára.
- Að heimiluð verði einföld trygging í mannvirkjum og réttindum veitunnar fyrir endurgreiðslu innskatts á meðan náð er jafnvægi milli inn- og útskatts. Í þessu samhengi er sérstaklega vísað til sérákvæða um tryggingar vegna nytjaskógræktar.

Ályktunin var samþykkt á
7. ársfundi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum
sem haldinn var í Reykjavík 6. nóvember 2003